

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 242/2020

2023/EES/70/66

frá 30. desember 2020

## um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/2224 frá 23. desember 2020 um sameiginlegar reglur til að tryggja grunntengjanleika í vöruflutningum og farþegaflutningum eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu <sup>(1)</sup>.
- 2) Þessi ákvörðun varðar upptöku í EES-samninginn á einhliða viðbúnaðarráðstöfunum af hálfu ESB sem samþykktar hafa verið til þess að tryggja góða framkvæmd innri markaðarins í lok aðlögunartímabilsins sem getið er í samningi um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu. EES-samningnum er ekki ætlað að fjalla um samskipti EES-ríkjanna og Bretlands sem þriðja ríkis. Upptaka þeirra er því samþykkt með sérstakri undantekningu og því skilyrði að beiting viðbúnaðarráðstafananna takmarkist við mjög stutt tímabil eftir lok aðlögunartímabilsins. Ekki er unnt að líta á upptöku þessa sem fordæmisgefandi hér eftir og í öðrum tilvikum sem varða ráðstafanir ESB sem hafa áhrif á þriðju lönd.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 26f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/501) í XIII. viðauka við samninginn:

„26g. **32020 R 2224**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/2224 frá 23. desember 2020 um sameiginlegar reglur til að tryggja grunntengjanleika í vöruflutningum og farþegaflutningum eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (Stjtið. ESB L 437, 28.12.2020, bls. 74).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 5. gr. gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/2224, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 437, 28.12.2020, bls. 74.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.